



# Barnaheill

Save the Children á Íslandi



ÁRSSKÝRSLA 2013



# Barnaheill

Save the Children á Íslandi

## Stjórn

Kolbrún Baldursdóttir formaður  
Atli Dagbjartsson varaformaður  
María Sólbergisdóttir gjaldkeri  
Guðrún Kristinsdóttir meðstjórnandi  
Dögg Pálsdóttir meðstjórnandi  
Helga Sverrisdóttir meðstjórnandi  
Sigríður Olgeirsdóttir meðstjórnandi  
Bjarni Snæbjörnsson varamaður  
Vigfús Bjarni Albertsson varamaður  
Þórarinn Eldjárn varamaður

## Starfsmenn

### Fastráðnir

Erna Reynisdóttir framkvæmdastjóri  
Hulda Stefánsdóttir skrifstofustjóri  
Margrét Júlía Rafnsdóttir verkefnastjóri  
Sigríður Guðlaugsdóttir verkefnastjóri

### Í tímabundnum verkefnum

Guðrún Ansnes Þorvaldsdóttir  
Kristín Hulda Guðmundsdóttir  
Þóra Jónsdóttir lögfr. og verkefnastjóri

## Ræstitæknir

Benný Brynjarsdóttir

## Nefndir

### Kjörnefnd

Kolbrún Baldursdóttir  
Ásta Ágústsdóttir  
Sigurjón Hjartarson  
Til vara:  
Einar Gylfi Jónsson  
Hrefna Friðriksdóttir

Ársskýrsla 2013

Barnaheill – Save the Children á Íslandi  
Reykjavík maí 2014

Prentun: Litróf – umhverfisvæn  
prentsmiðja

Forsíðumyndin er frá barnamaráðinu  
Kapphlaupið um lífið.

Ljósmyndari: Eggert Jónsson.



Framkvæmdastjóri og stjórn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi árið 2013.  
Frá vinstri Erna Reynisdóttir, María Sólbergisdóttir, Sigríður Olgeirsdóttir, Kolbrún Baldursdóttir, Atli Dagbjartsson, Þórarinn Eldjárn, Guðrún Kristinsdóttir og Bjarni Snæbjörnsson. Á myndina vantar Dögg Pálsdóttur, Helgu Sverrisdóttur og Vigfús Bjarna Albertsson.

### Laganefnd

Kolbrún Baldursdóttir  
Dögg Pálsdóttir  
Guðrún Kristinsdóttir  
Til vara:  
Einar Gylfi Jónsson  
Hrefna Friðriksdóttir

### Skoðunarmenn ársreikninga

Sigurjón Hjartarsonn  
Þórður Þórkelsson  
Til vara:  
Ásta Ágústsdóttir  
Orri Hlöðversson

### Fulltrúar í stjórn Mannréttinda- skrifstofu Íslands

Guðrún Kristinsdóttir  
Erna Reynisdóttir

### Löggiltur endurskoðandi

Árni Björn Birgisson

Verndari Barnaheilla –  
Save the Children á Íslandi  
er Vigdís Finnbogadóttir

## Efnisyfirlit

3 Frá formanni

3 Um Barnaheill

4 Frá framkvæmdastjóra

5 Innlent starf

13 Erlent starf

15 Tekjur og gjöld 2013

16 Lögfesting Barnasáttmálans

# Frá formanni

Á árinu 2013 var stigið stórt skref í mannréttindabaráttu barna þegar barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var lögfestur hér á landi. Saga Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er samofin sögu Barnasáttmálans, en stofnandi Save the Children, Eglantyne Jebb, ritaði fyrstu drög að sáttmála fyrir börn árið 1921. Þau drög urðu grunnurinn Genfarsáttmála Þjóðarbandalagsins árið 1924 og svo barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eins og við þekkjum hann í dag. Lögfesting sáttmálans hefur lengi verið eitt af baráttumálum Barnaheilla.

Sáttmálinn kveður á um borgaraleg, félagsleg og efnahagsleg réttindi barna og alþjóðlega viðurkenningu á því að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi óháð réttindum fullorðinna. Hann tryggir öllum börnum upp að 18 ára aldri sérstaka vernd og umönnun.

Eitt af megináherslum Barnaheilla er að gera Barnasáttmálann sýnilegri og það gera samtökin meðal annars með því að halda úti gagnvirka vefnum barnasattmali.is í samvinnu við Námsgagnastofnun, Umboðsmann barna og UNICEF. Þar er að finna fróðleik, verkefni og leiki um sáttmálann og mannréttindi barna.

Ef gæta á hagsmuna barna er í mörg horn að líta. Börn eiga engan annan kost en að treysta fullorðnum til að

annast þau. Til að tryggja að aðstæður þeirra séu stöðugar, og ávallt eins ákjósanlegastar og völ er á, þarf öryggiskerfið að vera þrefalt. Það eru þeirra nánustu sem bera stærstu ábyrgðina en einnig þeir sem sinna börnum í námi, starfi og leik og loks samfélagið með sína ytri umgjörð og ramma.

Umönnun barna er sennilega stærsta ábyrgð sem hægt er að taka sér á herðar. Það er ekki einungis um að ræða að vernda þau gegn alls kyns ytri vá og að þau fari sér ekki að voða á meðan þau eru óvitar. Það er líka mikilvægt að hlusta á orð þeirra og upplifanir, veita þeim alla þá ást og umhyggju sem þau þarfnast, hrós og hvatningu til að geta vaxið úr grasi með sterka sjálfsmýnd og sjálfsöryggi.

Að vernda barn er hvorki veigalítið hlutverk né ábyrgðarsnautt. Liður í vernd barna er að ala með þeim metnað og sjálfsvirðingu. Enda þótt þarna komi fjölmargir þættir til er sennilega fátt eins viðamikil og hlutverk aðalfyrirmynda barnanna, fólkilíð sem þau hafa fyrir augum sér daglega, horfa á og herma eftir.

Það eru mannréttindi sérhvers barns að fá vernd í samræmi við aldur og þroska og vera leitt af fullorðnum ábyrgum aðilum til 18 ára aldurs. Það eru einnig mannréttindi sérhvers barns



að séreinkenni þess séu virt og að tekið sé tillit til séreiginleika, sérþarfa og veikinda.

Hvernig svo sem aðstæður kunna að skapast í fjölskyldum eða í samfélaginu þá eru það ávallt hagsmunir barnanna sem eiga að vera leiðarljósið sem fylgt er.

Bestu þakkir til allra þeirra sem fyrr og nú hafa sýnt réttindamála og vernd barna áhuga og lagt málefnum þeirra lið. Enginn fjársjóður er verðmætari en börnin okkar.

Kolbrún Baldursdóttir, formaður



## Um Barnaheill

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru frjáls félagsamtök, stofnuð hér á landi árið 1989. Þau eiga aðild að alþjóðasamtökunum Save the Children sem voru stofnuð í Bretlandi árið 1919 og starfa nú í 120 löndum. Stofnandi þeirra, Eglantyne Jebb, var með fyrstu baráttumanmeskjum fyrir rétti barna til að alast upp við öryggi og frið. Hún á hugmyndina að barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, eins og við þekkjum hann, og skrifaði fyrstu drög hans árið 1921. Samtökin vinna að mannréttindum barna með því að vera málsvari þeirra, efla menntun og veita mannúðar- og neyðaraðstoð þegar hörmungar dynja yfir samfélög.

Save the Children eru stærstu alþjóðlegu frjálsu félagsamtök sem starfa í þágu barna. Þau starfa eftir barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að rétti sérhvers barns til lífs, verndar, þroska og aukins áhrifamáttar.

Heimasíða Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is). Þú finnur okkur líka á Facebook, Twitter og Instagram.



# Frá framkvæmdastjóra

Árið 2013 var ár stefnumótunar og þróunar nýrra verkefna hjá Barnaheillum - Save the Children á Íslandi. Hefðbundin verkefni voru þó áfram stór hluti af starfinu; rekstur ábendingarlínu og samvinna í SAFT verkefninu, forvarnar og fræðslustarf, hjólasöfnun, barnamaráðun, ráðgjöf og umsagnir um lög sem varða réttindi og velferð barna auk erlends starfs s.s. þróunarsamvinnuverkefnis í Úganda og neyðaraðstoðar í Sýrlandi. Vitundarvakning um ýmis málefni sem varða mannréttindi barna hafa einnig verið áberandi í starfi samtakanna. Uppúr stendur lögfesting barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna þann 20. febrúar en undanfarin ár hafa Barnaheill - Save the Children á Íslandi barist fyrir þeirri réttarbót til handa börnum á Íslandi.

Strax í upphafi árs hófst undirbúningsvinna fyrir skýrslu Evrópusamtaka Barnaheilla um fátækt og félagslega einangrun barna í álfunni. Framan af stýrði framkvæmdastjóri þeirri vinnu fyrir hönd samtakanna en fljótlega tók Margrét Júlía, verkefnastjóri innlendra verkefna, við keflinu og stýrði vinnu við skýrsluna fyrir hönd samtakanna.

Á vormánuðum hófst einnig undirbúningsvinna við innleiðingu forvarnarverkefnis gegn einelti í leikskólum. Verkefnið á rætur sínar að rekja til Danmerkur en bakhjarlar þess eru Barnaheill í Danmörku (Red Barnet) og Mary stofnunin. Samtökunum bauðst að innleiða verkefnið á Íslandi í náinni samvinnu við þessa aðila. Þegar námsefnið var kynnt fyrir fagaðilum í geiranum hér á landi kom í ljós mikill áhugi á efninu og í raun þörf fyrir slíkt efni á þessu skólastigi. Námsefnið er einfalt og aðgengilegt í notkun og byggir á fjórum gildum; Hugrekki, virðingu, umburðarlyndi og umhyggju. Í september skrifuðu samtökin undir viljayfirlýsingu um innleiðingu tilrauna-verkefnis hér á landi sem hleypt verður af stokkunum á haustmánuðum 2014.

Mæðraskýrslan *State of the Worlds Mother's report* kom út á vegum alþjóðasamtakanna í byrjun maí og að venju og tóku Barnaheill þátt í



Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri

að kynna hana. Í maí gáfu samtökin einnig út *Blað Barnaheilla*, það fyrsta í 15 ár. Blaðið tókst einstaklega vel en Sigríður kynningarstjóri átti veg og vanda að útgáfu þess. Bláðinu, sem gefið var út í 5000 eintökum, var dreift til félagsmanna og styrktaraðila en einnig var því dreift víðsvegar um landsbyggðina, á biðstofur fyrir ýmis konar þjónustu og bensinstöðvar.

Í september hófu samtökin landssöfnun fyrir börn í Sýrlandi í kjölfar útgáfu skýrslunnar *Hungur í stríðshrjáðu landi*, eða *Hunger in a War Zone – The Growing Crisis Behind the Syria Conflict*. Í henni gáfu börn og foreldrar þeirra sem flúið höfðu land, vitnisburð um skort á lífsnauðsynjum á borð við mat, vatn og heilbrigðisþjónustu í Sýrlandi.

Í október tók Ísland í annað sinn þátt í barnamaráðunum alþjóðasamtakanna, *Kapphlaupinu um lífið*, sem fram fór víðs vegar um heiminn. Hlaupið var haldið á tveimur stöðum, í Egilshöllum og Akraneshöllum. Eins og áður var hlaupið til að vekja athygli á baráttunni gegn hungri og vannæringu barna.

Seinnipart árs hrintu samtökin svo af stað nýstárlegu fjáröflunarátaki, Jólapeysunni, að breskri fyrirmynd. Átakið fólst í að fá einstaklinga og hópa til

að klæða sig upp í jólapeysu og safna áheitum á sérstakri áheitasíðu samtakanna, jólapeysan.is. Átakið vakti gríðarlega athygli. Rúmlega þrjár milljónir söfnuðust á þessu fyrsta ári átaksins.

Þá urðu þær breytingar á stjórn samtakanna að Ásta Ágústsdóttir varaformaður og Tryggvi Helgason gengu úr stjórn. Í þeirra stað voru kosnir þeir Atli Dagbjartsson sem kosinn var varaformaður og Bjarni Snæbjörnsson sem kom inn sem varamaður í stað Tryggva. Þar sem Ágúst Þórðarson hafði gengið úr stjórn þegar hann lauk störfum sem starfandi framkvæmdastjóri haustið 2012 var Vigfús Bjarni Albertsson einnig kjörinn varamaður. Hann þurfti hins vegar strax um sumarið að segja sig úr stjórn vegna persónulegra aðstæðna og því voru aðeins starfandi tveir varamenn í stjórn út starfsárið.

Fjórir fastir starfsmenn störfuðu á skrifstofu samtakanna obbann af árinu. Auk þess störfuðu þrír starfsmenn í hlutastarfi við ýmiss verkefni. Þóra Jónsdóttir aðstoðaði við hjólasöfnun, barnamaráðun og jólapeysuáttak. Kristín Hulda Guðmundsdóttir aðstoðaði við uppfærslu á vef samtakanna, við hjólasöfnun, barnamaráðun og ýmis önnur verkefni. Guðrún Ansnes tók við umsjón Facebook síðu samtakanna, aðstoðaði við hjólasöfnun, Blað Barnaheilla og fleiri verkefni samtakanna. Auk þeirra komu fjölmargir sjálfbodaliðar að starfinu en þar ber hæst að nefna Kristjönu Heiðdal sem aðstoðaði við uppsetningu og innleiðingu á nýjum bókhaldslykli samtakanna og Ólöf Steinunn Lárusdóttir sem aðstoðaði við jólapeysuáttak samtakanna.

Kunnum við öllum, stjórn, starfsfólki og sjálfbodaliðum bestu þakkir fyrir óeigingjarnar starf í þágu samtakanna og þeirra þátt í að vinna að velferð og bættum réttindum barna. Einnig vilja samtökin þakka öllum þeim sem stutt hafa fjárhagslega við starfsemina á liðnu ári. Án þeirra fjölmörgu einstaklinga og fyrirtækja sem leggja samtökunum lið væri ógerningur að halda úti því mikilvæga starfi sem samtökin vinna.

# Innlent starf

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá stofnun lagt áherslu á starf innanlands. Samtökin hafa barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu sínu starfi og eru helstu áherslur á að standa vörð um réttindi barna, baráttu gegn ofbeldi á börnum, heilbrigðismál og að rödd barna heyrist betur í íslensku samfélagi.

## ALMENN RÉTTINDABARÁTTA

### Barnasáttmálinn

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er leiðarljós Barnaheilla – Save the Children. Hann var samþykktur á allsherjarþingi SP þann 20. nóvember 1989 og fullgiltur á Íslandi 27. nóvember 1992. Barnasáttmálinn var lögfestur hér á landi 20. febrúar 2013 með lögum númer 19/2013 og er nú hluti af íslenski löggjöf. Barnaheill – Save the Children á Íslandi höfðu lengi barist fyrir lögfestingu sáttmálans og fagna því að hún sé orðin að veruleika, enda er það mikil réttarbót fyrir börn á Íslandi.

Barnasáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að börn séu hópur sem hafi sjálfstæð réttindi, óháð foreldrum eða forsjáraðilum, og að þau þarfnist sérstakrar umönnunar og verndar umfram fullorðna. Barnasáttmálinn kveður á um borgaraleg, félagsleg og efnahagsleg réttindi barna án tillits til kynþáttar, litarháttar, búsetu eða annarrar stöðu þeirra eða foreldra þeirra. Nær öll lönd heimsins hafa staðfest sáttmálann. Öllum sem vinna að málefnum barna, ber að gera það sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja honum.

Í Barnasáttmálanum er kveðið á um skyldur ríkja til að kynna ákvæði samningsins með viðeigandi hætti fyrir börnum og fullorðnum. Kynning á barnasáttmálanum hefur ekki verið markviss á Íslandi og því hefur almenn þekking á honum og réttindum barna verið takmörkuð. Til að bregðast við því hafa Barnaheill – Save the Children á Íslandi, umboðsmaður



Póra Arnórsdóttir, fjölmiðlakona, kynnti árlega skýrslu Barnaheilla – Save the Children um stöðu mæðra í heiminum.

barna og UNICEF á Íslandi unnið að gerð námsefnis um Barnasáttmálann í samvinnu við Námsgagnastofnun. Um er að ræða veggspjöld, bæklinga og námsvefinn, *barnasattmali.is*.

### Lagaumsagnir, ályktanir og áskoranir.

Mikilvægur liður í starfi Barnaheilla í þágu barna er málsvarahlutverkið og þrýstingur á stjórnvöld. Mikil áhersla er lögð á að þau réttindi sem kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna séu virt. Samtökin senda reglulega umsagnir til Alþingis um lagafrumvörp, þingsályktunartillögur og reglugerðir er lúta að málefnum barna, hér á landi sem erlendis.

Jafnframt eru sendar út ályktanir og áskoranir til stjórnvalda og annarra aðila, þegar samtökin telja brotið á réttindum barna. Í umsögnum sínum, ályktunum og áskorunum er leitast við að hafa hagsmuni barna að leiðarljósi og það sem barninu er fyrir bestu.

Eftirtaldar umsagnir um frumvörp, þingsályktunartillögur og reglugerðir voru sendar á árinu 2013:

- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir og lögum

um verslun með áfengi og tóbak (reyklaust tóbak, ungt fólk o.fl.). Þingskjal 641 — 499. mál.

- Tillögu til þingsályktunar um velferðarstefnu – heilbrigðisáætlun til ársins 2020, 470 mál.
- Tillögu til þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi. 142. löggjafarþing 2013. Þingskjal 96 — 37. mál.
- Tillögu til þingsályktunar um skráningu upplýsinga um umgengnisforeldra. 143. löggjafarþing 2013–2014. Þingskjal 71 — 71. mál.
- Frumvarp til laga um útlandinga. Þingskjal 917 — 541. mál.
- Tillögu til þingsályktunar um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum. Þingskjal 70 — 70. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (mismunur á grundvelli kynvitundar og viðbótarbókun við samning Evrópuráðsins um tölvubrot). Þingskjal 112 — 109. mál.



Kastljós hlaut viðurkenningu Barnaheilla - Save the Children á Íslandi árið 2013. Starfsfólk þáttarins veitti viðurkenningunni móttöku í Þjóðmenningarhúsinu.

- Tillögu til þingsályktunar um mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerða-áætlun. Þingskjal 89 — 89. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, og lögum nr. 80/2011, um breytingu á þeim lögum (rekstur heimila fyrir börn). Þingskjal 232 — 186. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (stefnandi faðernismáls). Þskj. 370 — 323. mál.
- Drög að reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum.

Starfsmenn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi voru nokkrum sinnum boðaðir á fund hjá nefndum Alþingis á árinu 2013 til að ræða umsgagnir samtakanna og þau málefni sem um var að ræða hverju sinni.

Barnaheillum - Save the Children á Íslandi voru sendar spurningar starfshóps um staðgöngumæðrun í velgjörðarskygni vegna lagafrumvarps um staðgöngumæðrun í velgjörðarskygni og sendu samtökin svör við þeim.

Samtökin voru á árinu 2013 skipuð í samráðshóp um mótun fjölskyldustefnu til ársins 2020. Verkefnastjóri innlendra verkefna tók þátt í vinnunni og sendu samtökin inn tillögur.

Árið 2013 sendu Barnaheill - Save the Children á Íslandi frá sér eftirfarandi ályktanir og áskoranir:

- Í tilefni af opinberum degi barnsins á Íslandi sem haldinn er síðasta sunnudag í maímánuði ár hvert, sendu Barnaheill - Save the Children á Íslandi áskoran til nýkjörins þings. Hvatt var til þess að standa vörð um réttindi allra barna og gæta þess að ákvarðanir skerði ekki réttindi þeirra eða þeim verði mismunað sökum stöðu þeirra eða foreldra þeirra. Barnaheill hvöttu til þess að hagsmunir barna, og það sem börnum er fyrir bestu, yrði ávallt haft að leiðarljósi þegar mál er varða börn eru ráðin. Áskoran til íslenskra fyrirtækja um að sýna ábyrgð þegar þeir birta auglýsingar með börnum, hvort sem verið að auglýsa vörur fyrir börn eða fullorðna. Samökin hvöttu jafnframt almenning til að láta sig málið varða og tilkynna slíkt efni í gegnum ábendingahnapp Barnaheilla á vefsíðu samtakanna.
- Barnaheill hvöttu almenning til að taka þátt í undirskriftasöfnun á netinu til að skora á þjóðarleiðtoga G8 ríkjanna að stuðla að betri vernd fyrir börn á átakasvæðum, ekki síst að vernda þau gegn kynferðislegu ofbeldi.
- Á árinu 2012 vöktu Barnaheill athygli á slæmri tannheilsu íslenskra

barna og hversu mikilvægt væri að tannlækningar fyrir börn væru gjaldfrjálstar. Samtökin stóðu fyrir undirskriftasöfnun þar sem skorað var á stjórnvöld og aðra hlutaðeigandi aðila að grípa til aðgerða. Um 600 undirskriftir bárust og voru þær ásamt áskoran afhentar velferðarráðherra. Í apríl 2013 var svo samningur Sjúkratrygginga Íslands og Tannlæknafélags Íslands um tannlækningar fyrir börn undirritaður, þar sem gert er ráð fyrir að í lok samningstímans muni allir árgangar barna til 18 ára aldurs njóta fullrar endurgreiðslu tannlækninga að frádregnu komugjaldi. Í því tilefni sendu Barnaheill frá sér tilkynningu þar sem samtökin fögnuðu samningnum enda slíkt mikil réttarbót fyrir börn á Íslandi.

- Barnaheill sendu frá sér tilkynningu þar sem vakin var athygli á úttekt samtakanna um menntun fagstétta hvað varðar kynferðisofbeldi á börnum og barnavernd. Samtökin höfðu áður gert úttekt á málaflokknum árið 2007. Þá kom fram að námsframboð er rýrt og stefnu skortir í kennslu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Er þar átt við nám sem ætlað er fólki sem kemur til með að vinna með börnum eða að málefnum barna, í háskólum landsins og í Lögregluskóla ríkisins. Engin breyting hefur orðið á stöðunni frá 2007 – 2013 þrátt fyrir að árið 2007 hafi Barnaheill kynnt niðurstöðurnar ítarlega og skorað á skólayfirvöld að bæta stöðuna.
- Skýrsla Barnaheilla - Save the Children, *State of the World's Mothers 2013*, um stöðu mæðra í heiminum, var send öllum ráðherrum og þingmönnum.

### Símaráðgjöf

Einn þáttur í starfi Barnaheilla er símaráðgjöf þar sem fullorðnir geta leitað upplýsinga um réttindi barna. Margir leituðu til samtakanna á árinu 2013. Málín voru af ýmsum toga; forsjármál, umgengismál, eineltismál, grunur um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og réttindamál ýmiss konar.



## Viðurkenning Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Ár hvert - á afmæli barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þann 20. nóvember - veita Barnaheill - Save the Children á Íslandi viðurkenningu fyrir sérstakt framlag í þágu barna og mannréttinda þeirra. Viðurkenningin er afhent til að vekja athygli á Barnasáttmálanum og mikilvægi þess að íslenskt samfélag standi vörð um mannréttindi barna.

Á árinu 2013 var það Kastljós Sjónvarpsins sem hlaut viðurkenninguna fyrir vandaða umfjöllun um kynferðisofbeldi gagnvart börnum sem varpaði ljósi á afleiðingar ofbeldisins á börn. Með umfjöllun sinni lagði Kastljós lóð á vogarskálar baráttunnar gegn kynferðisglæpum gagnvart börnum og vakti upp umræðu í samfélaginu. Vönduð umræða skilar árangri með margs konar hætti og getur haft áhrif til lengri tíma. Vitundarvakning um málefnið er ein öflugasta forvörn sem völ er á. Afhending viðurkenningarinnar fór fram í Þjóðmenningarhúsinu. Kolbrún Baldursdóttir formaður Barnaheilla – Save the Children á Íslandi og Gunnar Hansson leikari, fluttu ávarp auk þess sem Sigmar Guðmundsson ritstjóri Kastljóssins ávarpaði samkomuna. Þeir Óskar Magnússon gítarnemi í Nýja Tónlistarskólanum og Finnur Marteinn Sigurðsson gítarnemi í Tónlistarskóla Garðabæjar voru með tónlistaratriði. Erna Reynisdóttir framkvæmdastjóri samtakanna stýrði athöfninni.

## BARÁTTA GEGN OFBELDI Á BÖRNUM

Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum íslenskum lögum eiga börn rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi og vanrækslu; gegn líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi og gegn því að vera neydd til vændis eða þátttöku í kynlífsiðnaði. Börn eiga enn fremur rétt á að vera vernduð fyrir upplýsingum og öðru efni sem getur skaðað velferð þeirra. Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá upphafi lagt áherslu á mikilvægi þess að vernd barna gegn ofbeldi sé tryggð. Samtökin hafa beitt sér fyrir breytingum á löggjöf, unnið að verkefnum og gert fræðsluefni þar að lútandi.



## Netið og vernd barna gegn kynferðisofbeldi

Kynferðislegt ofbeldi hefur langvarandi og skelfileg áhrif á börn og allt lífshlaup þeirra. Á netinu hefur aukist mjög efni þar sem börn eru beitt kynferðisofbeldi og sýnd á kynferðislegan hátt. Framleiðsla, varsla, dreifing og skoðun á slíku efni er ólögleg. Mjög mikilvægt er að stemma stigu við slíku efni, uppræta það, finna þolendur og koma þeim til hjálpar. Alþjóðlegt samstarf er ein forsenda þess.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá árinu 2001 tekið þátt í alþjóðlegu verkefni um *Vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi á neti*. Verkefnið hefur verið styrkt af *Safer Internet* samstarfsáætlun Evrópusambandsins. Markmið verkefnisins er að vekja athygli almennings, lögreglu, löggjafans, netþjónustuaðila, barnaverndaryfirvalda og fleiri aðila á þætti netsins í kynferðislegu ofbeldi gegn börnum og þrýsta á íslensk stjórnvöld að axla ábyrgð í þessum málaflokki héraendis og á alþjóðavettvangi. Kjarni verkefnisins er ábendingalína sem rekin er í samvinnu við Ríkislögreglustjóra. Á vef samtakanna, *barnaheill.is*, er hnappur þar sem hægt er að senda inn nafnlausar ábendingar um ólöglegt og/ eða óviðeigandi efni á netinu. Þar er einnig hægt að tilkynna um mansal á börnum, klámeefni sem er aðgengilegt börnum, um rafrænt einelti, um fullorðna sem misnota börn á ferðum sínum erlendis o.fl. Ábendingarnar fara til skoðunar og rannsóknar hjá lögreglu. Lögreglan rekur slóðir vefsíðanna og finnur hvar þær eru vistaðar og sér til þess að síðunum sé lokað. Mikilvægt er að síðunum sé lokað sem fyrst eftir að þær eru tilkynntar, án þess þó að það skaði rannsóknarhagsmunum. Myndirnar geta verið á fleiri vefsíðum og því er mikilvægt að reynt sé að uppræta þær. Ábendingalínan hefur frá árinu 2010

verið aðili að SAFT-verkefninu, en SAFT stendur fyrir Samfélag, fjölskyldu og tækni og er vakningarátak um örugga tækninotkun barna og unglinga á Íslandi.

Ýmsir aðilar hafa óskað eftir því að hafa ábendingahnappinn á vefsíðum sínum. Jafnframt er hnappurinn auglýstur reglulega í fjölmiðlum. Hægt er að afrita hnappinn af vefsíðu Barnaheilla.

Frá árinu 2001 hafa Barnaheillum - Save the Children á Íslandi borist ríflega 4000 ábendingar í gegnum ábendingahnapp samtakanna. Þar af eru að meðaltali 34% ábendinganna um efni þar sem börn eru beitt kynferðisofbeldi og sýnd á kynferðislegan hátt. Á árinu 2013 bárust 144 ábendingar og 31 þeirra voru ábendingar um efni þar sem börn eru beitt kynferðisofbeldi og sýnd á kynferðislegan hátt, eða 21,5% ábendinganna. Ábendingum fækkaði mikið frá árinu 2012, en þá hafði orðið mikil fjölgun frá fyrri árum. Þá fjölgun ábendinga mátti rekja til aukinnar kynningar á ábendingalínunni vegna endurnýjunar ábendingahnappsins í lok árs 2011.

Framan af var lítið um ábendingar um vefsíður, sem voru vistaðar á Íslandi, en á undanförunum árum hefur þeim fjölgað. Um er að ræða íslenskar vefsíður með kynferðislegu myndefni eða texta um íslensk börn og unglinga. Einnig hefur ábendingum um efni á samfélagsmiðlum fjölgað. Barnaheill hafa síðastliðin ár beitt sér fyrir því að komið verði á síun á landsvísu á ólöglegu efni á netinu, þ.e. að lokað verði á aðgang að slíku efni héraendis.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru í alþjóðasamtökunum INHOPE, regnhlífasmötökum ábendingalína. Í samtökunum eru um 40 ábendingalínur frá öllum heimsálfum en flestar í

Evrópu. Starf INHOPE samtakanna felst í að efla þekkingu og deila reynslu um málefnið og veita aðildarfélögum stuðning í baráttunni. Sérhver ábendingalína er í samstarfi við lögreglu og netþjónustuaðila í hverju landi og eru allar tölulegar upplýsingar skráðar í gagnagrunn INHOPE. Þannig er hægt að fylgjast með fjölda ábendinga og hvernig miðar í baráttunni. Fjöldi ábendinga til INHOPE samtakanna eykst ár frá ári. Ekki eru komnar tölulegar upplýsingar fyrir árið 2013 en á árinu 2012 voru meira en ein milljón ábendingar um ólöglegt efni skráðar í gagnagrunn INHOPE. 40% ábendinganna komu frá Evrópu, rúm 40% frá Norður-Ameríku og tæp 20% frá öðrum heimshlutum. Af þessum ábendingum voru rúmlega 37.000 um efni sem sýnir kynferðisofbeldi gegn börnum. Í gagnagrunni Interpol, sem verið hefur í notkun frá árinu 2001, er að finna meira en eina milljón mynda sem sýna kynferðislegt ofbeldi gegn meira en 20.000 börnum en samkvæmt upplýsingum frá Interpol hafa aðeins um 800 þessara barna fundist og fengið nauðsynlegan stuðning.

Þrátt fyrir öfluga starfsemi til að vernda börn gegn ofbeldi á netinu og við að uppræta efni sem þangað ratar, er við ramman reip að draga. Tækninni fleygir stöðugt fram og þeir sem hafa í hyggju að beita börn ofbeldi og nota netið sem verkfæri til þess, reyna alltaf að finna leiðir til ódæðisverkanna og til að fela slóð sína. Mjög erfitt er að uppræta það efni sem einu sinni er komið á netið. Eina örugga leiðin enn sem komið er, er að koma í veg fyrir að ofbeldið eigi sér stað. Það er gert með öflugri fræðslu og forvörnum. Það er gert með því að styrkja þær stöðir samfélagsins sem vinna með börnum og foreldrum þeirra. Kynferðislegt tal við börn, myndataka og myndbirting sem sýnir barn á kynferðislegan hátt er ofbeldi gegn barninu. Það barn sem beitt er ofbeldi ber aldrei ábyrgðina, ábyrgðin er alltaf ofbeldismannsins.


### Vernd barna gegn kynferðisofbeldi af hálfu Íslendinga sem eru á ferð erlendis.

Þegar fullorðinn einstaklingur á kynferðislegt samband við barn er það kynferðisofbeldi gegn barninu. Samkvæmt íslenskum lögum getur

Íslendingur sem verður uppvís af því að eiga í kynferðislegu samneyti við barn í öðru landi, verið dæmdur fyrir það á Íslandi jafnvel þó að slíkt sé ekki ólöglegt í landinu þar sem brotið fer fram. Vegna fátæktar og erfiðra aðstæðna leiðast 1- 2 milljónir barna í heiminum út í vændi á hverju ári eða eru beitt kynferðisofbeldi gegn gjaldi. Þeir sem beita ofbeldinu eru gjarnan ferðamenn, frá Evrópu, Bandaríkjunum og Japan og ferðast þeir til landa þar sem efnahagur og aðstæður eru verri en í heimalandinu. Einnig er um að ræða menn í viðskiptaferðum,

16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi var í nóvember og desember. Undanfarin ár hefur yfirskrift átakins verið *Heimilisfriður- heimsfriður*. Barnaheill – Save the Children á Íslandi tóku þátt í áttakinu. Að þessu sinni vildu samtökin vekja athygli á mikilvægi þess að vernda börn víðs vegar um heim gegn kynferðislegu ofbeldi af hálfu ferðamanna og vekja athygli á póstkortinu sem dreift er til ferðamanna í gegnum heilsugæslustöðvar. Grein sem birtist í Fréttablaðinu og á *visir.is* bar yfirskrift póstkortsins *Áriðandi skilaboð til ferðamanna*.

FÁTÆKT



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

*Það er erfitt að vera fátækur. Maður upplifir skömm og minnimáttarkennd og liður eins og maður sé ekki jafn góður og hinn, af því maður hefur ekki peninga fyrir öllu því góða.*

13 ára drengur á Vesturlandi

farandverkamenn, hermenn, starfsmenn erlendra ríkja og fyrirtækja. ofl. Hinn fullorðni getur ekki skýlt sér bak við samþykki barnsins, menningarmun eða að barnið hafi frumkvæði af samskiptunum. Menn eru ávallt að nýta sér neyð barnanna. Barnaheill vilja leggja sitt af mörkum til að koma í veg fyrir að Íslendingar beiti börn kynferðisofbeldi á ferðum sínum erlendis. Á árinu 2013 gáfu samtökin út póstkort með áletruninni *Áriðandi skilaboð til ferðamanna*. Þar eru ferðamenn hvattir til að vera ábyrgir og tilkynna til ferðaskrifstofu, fararstjóra eða lögreglu ef þá grunar að fullorðinn einstaklingur eigi kynferðislegt samneyti við barn og taka þannig þátt í að vernda barnið gegn ofbeldinu og að koma því til hjálpar. Heilsugæslan hefur lagt samtökunum lið með því að hafa kortið sýnilegt og afhenda það þeim sem leita til heilsugæslunnar áður en þeir leggja í ferðalög til fjarlægra landa.

### Fátækt barna á Íslandi

Á Íslandi búa allt að 9000 börn við fátækt. Þau skortir ýmis gæði sem teljast nauðsynleg til að eiga innihaldsríkt líf og geta ekki tekið þátt í samfélaginu á við önnur börn. Að alast upp í fátækt er brot á réttindum barna og hefur afdrifaríkar afleiðingar á líf þeirra.

Öll börn eiga rétt á að njóta þeirra réttinda sem kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og ekki má mismuna börnum hvað þau réttindi varðar eftir stöðu þeirra eða foreldra þeirra. Þau eiga rétt á að lifa og þroskast, rétt á menntun, heilsuvernd, hvíld og tómstundum. Samt sem áður geta ekki öll börn notið ýmissa gæða til að eiga innihaldsríkt líf vegna efnahagslegrar stöðu foreldra þeirra. Barnaheill – Save the Children á Íslandi vinna nú að vitundarvakningu um barnafátækt og afleiðingar fátæktar á börn. Einn hluti verkefnisins er úttekkt á málefnum fátækra barna í Evrópu í samstarfi við Evrópuhóp Save the Children. Gerð var úttekkt á málefnum



fátækra barna í löndum Evrópu og unnið að gerð skýrslu sem kemur út í apríl 2014. Barnaheill skora á íslensk stjórnvöld að tryggja að ekkert barn þurfi að búa við fátækt á Íslandi.

## HEILBRIGÐISMÁL

Samkvæmt 24. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á að njóta besta mögulegs heilsufars sem hægt er að tryggja með læknisaðstoð og heilbrigðisþjónustu. Samtökin leggja áherslu á að börnum á Íslandi sé ekki mismunað hvað það varðar.

### Rekstur íbúða fyrir fjölskyldur langveikra barna

Barnaheill eiga tvær íbúðir í Reykjavík, sem ætlaðar eru fjölskyldum veikra barna af landsbyggðinni. Íbúðirnar eru á Skúlagötu og Rauðarárstíg. Barnaspítali Hringins hefur umsjón með notkun þeirra og útleigu. Á árinu 2013 voru 230 dvalardagar í íbúðinni á Skúlagötu sem er tæplega 60% nýting og 295 dvalardagar á Rauðarárstíg, sem er um 80% nýting. Samtals voru dvalardagar í íbúðunum báðum 524 árið 2013, en 495 árið 2012. Á undanförunum árum hefur verið stöðug aukning á nýtingu íbúðanna.

### Hreyfing og heilbrigði

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vinna nú að átaksverkefninu „Hreyfing og heilbrigði“. Verkefninu er ætlað að efla vitund um mikilvægi heilbrigðs lífs fyrir börn; hvort sem er út frá líkamlegu og andlegu heilbrigði eða í forvarnargæmi tilliti. Verkefnið byggir á ákvæðum barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um rétt barna til heilsuverndar og banni við mismunun. Auk þess byggir verkefnið á ákvæðum sáttmálans um ábyrgð foreldra og aðildarríkja. Verkefninu er ætlað að auka vægi hreyfingar og efla þannig bæði líkamlegt og andlegt heilbrigði barna og stuðla að almennum heilsufarslegum forvörnum. Á árinu var í gangi tilraunaverkefni sem fólst í því að efla hreyfingu og heilbrigði barna sem hafa af ýmsum ástæðum ekki fundið sig í hefðbundnum skólaíþróttum eða skipulögðu íþróttastarfi. Verkefnið er fjármagnað með áheitaferi úr alþjóðlegu hjólréiðakeppninni WOW Cyclothon.



Nemendur í 4. bekk Langholtsskóla tóku þátt í að koma hjólasöfnuninni af stað. Hér með Skoppu og Skríttlu í bakgrunni.

## HJÓLRÉIÐAKEPPNI OG HJÓLASÖFNUN

Alþjóðlega hjólréiðakeppnin WOW Cyclothon fór fram dagana 19. júní - 22. júní, þar sem keppst var um að komast fyrst í mark eftir að hafa hjólað 1.332 kílómetra, hringinn í kringum landið. Allt áheitaferi sem safnaðist rann til verkefna Barnaheilla um hreyfingu og heilbrigði barna.

Hjólasöfnun var haldin annað árið í röð í samvinnu við endurvinnslustöðvar Gámaþjónustunnar, Hringrásar og Sorpu. Sjálfboðaliðar gerðu hjólin upp undir stjórn sérfræðinga í reið-hjóla viðgerðum. Hjólin voru svo gefin börnum efnaminni fjölskyldna. Úthlutun hjólanna var unnin í samstarfi við félagsþjónustuna og Mæðrastyrsnefnd Reykjavíkur.

### Kapphlaupið um lífið

Barnaheill – Save the Children á Íslandi tóku í annað sinn þátt í maraþoninu *Kapphlaupið um lífið* – eða *Race for Survival*. Um 50 þúsund börn í 67 löndum víðs vegar um heiminn hlupu maraþon í boðhlaupsformi til að vekja athygli á baráttunni gegn barnadauða í heiminum. Tæplega 250 íslensk börn úr sex skólum tóku þátt í hlaupinu árið 2013. Skólarnir voru Grundaskóli og Brekkubæjarskóli á Akranesi, Grunnskólinn í Borgarnesi, Víðistaðaskóli í Hafnarfirði, Ingunnarskóli

í Reykjavík og Lindaskóli í Kópavogi. Kapphlaupið fór fram á tveimur stöðum, í Egilshöll og Akraneshöll. Hvert og eitt barn hljóp 200 metra í einu, 6-9 sinnum, eftir fjölda í liði. Þekktir einstaklingar lögðu málstaðnum lið með því að taka þátt í boðhlaupinu.

Markmið barnanna með þátttöku í hlaupinu er að þrýsta á valdhafa um allan heim að beita sér á alþjóða-vettvangi fyrir því að bæta aðstæður barna í löndum þar sem hungur og skortur á heilbrigðisþjónustu er stór þáttur í barnadauða. Árið 2012 létu 6,6 milljón barna undir fimm ára aldri lífið í heiminum, en þau voru 12,6 milljónir árið 1990. Þótt töluverður árangur hafi náðst við að minnka barnadauða, deyja enn 18 þúsund börn yngri en fimm ára á hverjum degi, af orsökum sem hægt er að koma í veg fyrir.

## ÁHRIFAMÁTTUR BARNNA

Samkvæmt 12. og 13. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á að tjá sig, leita upplýsinga, láta í ljós skoðanir sínar og hafa áhrif. Barnaheill leggja áherslu á að vera í samstarfi við börn og ungmenni og er starf ungmennaráðs og samstarf við skóla liður í þeirri áherslu samtakanna að rödd barna heyrst betur í íslensku samfélagi.



Starfsfólk GSK studdi Barnaheill í Reykjavíkumaraþoni 2013.

Í samvinnu við Fréttablaðið hafa auglýsingar verið birtar þar sem börn skrifa um réttindi sín. Auglýsingarnar hafa vakið mikla athygli og eru stöðug áminning fyrir lesendur um réttindi barna.

## UNGMENNARÁÐ BARNAHEILLA – SAVE THE CHILDREN Á ÍSLANDI

Ungmennaráð samtakanna var stofnað árið 2008 og er félagsskapur ungs fólks á aldrinum 13-25 ára. Hópurinn vill stuðla að réttlæti í heiminum og vekja athygli á málefnum er varða réttindi og stöðu barna, bæði hér á landi og erlendis. Markmiðið með starfi ungmennaráðsins er annars vegar að stuðla að bættum hag barna og hafa áhrif á viðhorf til barna í samfélaginu og hins vegar að virkja börn og unglinga til þátttöku í að móta það samfélag sem þau eiga aðild að. Ungmennaráðið er jafnframt samtökunum til ráðgjafar og aðstoðar í ýmsum verkefnum á vegum samtakanna. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er leiðarljós ungmennaráðsins eins og samtakanna sjálfra. Frá upphafi hafa um 20 ungmenni tekið þátt í starfi ungmennaráðsins.

### Samstarf við skóla

Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja mikilvægt að sjónarmið barna og sýn þeirra komi fram í þeim verkefnum sem samtökin vinna að. Því leitast

samtökin við að eiga samstarf við skóla. Á undanförunum árum hafa Barnaheill átt í samstarfi við ýmsa grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla. Nemendur hafa fengið fræðslu um samtökin, verkefni þeirra og mannréttindi barna. Þeir hafa undir handleiðslu kennara sinna unnið að ýmsum verkefnum í samstarfi við Barnaheill.

## FRÆÐSLA, FORVARNIR OG KYNNINGARSTARF

Ár hvert veita starfsmenn Barnaheilla fræðslu um samtökin og starfsemi þeirra, um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og annað sem tengist mannréttinda- og mannúðarmálum. Leitað er til samtakanna af öðrum samtökum og opinberum aðilum. Samtökin veita fræðslu í ABC-skólanum auk þess sem fjöldi nema í framhaldsskólum og háskólum leituðu upplýsinga um starf samtakanna á árinu. Þá fengu kennarar í fjölmörgum grunnskólum og leikskólum fræðslu um starf Barnaheilla og Barnasáttmálann.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi leggja áherslu á að vera með stöðuga og trausta upplýsingagjöf til fjölmiðla um málefni er varða börn og mannréttindi þeirra. Allar fréttatilkynningar og greinar eru jafnframt birtar á heimasíðu samtakanna og á samfélagsmiðlinum Facebook.

## INNLENT SAMSTARF

Barnaheill eiga í viðtæku samstarfi við opinbera aðila, stofnanir og frjáls félagasamtök sem vinna að málefnum barna hér á landi.

Samtökin eru í samstarfi við Heimili og skóla, Ríkislögreglustjóra og Rauða krossinn vegna SAFT verkefnisins og ábendingalínunnar. Þau taka þátt í starfi barnahóps Velferðarvaktar félagsmálaráðuneytis. Verkefni hópsins er að kortleggja stöðu barna hér á landi í kjölfar efnahagshruns og koma með tillögur að úrbótum.

Barnaheill eiga einnig samstarf við önnur íslensk mannúðarsamtök og er tilgangur samstarfsins að styrkja hlutverk allra samtakanna og auka sýnileika þeirra í íslenski þróunarsamvinnu. Í samstarfshópnum eru auk Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, ABC-barnahjálp, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna – UNICEF á Íslandi, Hjálparstarf kirkjunnar, Rauði kross Íslands, Samband íslenskra kristniþóðsfélaga (SÍK), SOS-barnaþorp og UN Women.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi eiga aðild að SAMAN-hópnum og Náum átum hópnum. Báðir hóparnir eru samstarfsvettvangur félagasamtaka og stofnana sem vinna að forvörnum og láta sig velferð barna varða. Jafnframt taka samtökin þátt í árlegu 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi í nóvember og desember.

### SAFT

Barnaheill - Save the Children á Íslandi er aðili að SAFT verkefninu, en SAFT stendur fyrir samfélag, fjölskylda og tækni. SAFT er vakningarátak um örugga net- og tækninotkun barna og unglinga á Íslandi. Verkefnið er hluti af Safer Internet Action Programme, aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun og er styrkt af framkvæmdastjórn ESB Aðilar að SAFT á Íslandi eru auk Barnaheilla; Heimili og skóli, Ríkislögreglustjóri og Rauði krossinn. Ábendingalína Barnaheilla er einn hluti verkefnisins en að auki gefur SAFT út efni og er með fræðslu til foreldra og skóla sem á að stuðla að ábyrgri og öruggri netnotkun. Barnaheill er aðili að Inhope

samtökunum sem eru regnhlífar-samtök ábendingalína með um 40 ábendingalínum víðs vegar um heiminn.

### SAMAN-hópurinn

Markmiðið með starfi SAMAN-hópsins er að styðja og styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu. Lögð er áhersla á samveru foreldra og barna, á tímamótum, á hátíðum og í leyfum og sendir hópurinn skilaboð til foreldra í þá veru. Rannsóknir hafa sýnt að samvera foreldra og barna er ein besta forvörnin og að börn og unglingar vilja verja meiri tíma með foreldrum sínum. Vefsvæði hópsins er [samanhopurinn.is](http://samanhopurinn.is) og er hópurinn jafnframt með facebook síðu.

### Náum áttum- hópurinn

Fræðslu- og forvarnahópur *Náum áttum* skipuleggur morgunverðarfundi um ýmis mál er varða forvarnir og velferð barna og ungmenna. Í hópnum eiga sæti fulltrúar nokkurra stofnana og félagasamtaka sem ákveða saman fundarefni og skipuleggja dagskrá fundanna og útvega einnig fyrirlesara og aðstoðu. Meðal þess sem fjallað var um á fræðslufundum á árinu 2013 var vímuefnaleit í framhaldsskólum og á skólaböllum, um sjálfsmynd barna og ungmenna, áhrifabætti og ábyrgð um mikilvægi snemmtækra íhlutunar. Vefsvæði hópsins er [naumattum.is](http://naumattum.is).

### Samstarf við GSK

Á árinu 2013 hófu Barnaheill - Save the Children samstarf við lyfjafyrirtækið GlaxoSmithKline (GSK) með það að markmiði að koma í veg fyrir dauða milljón barna undir fimm ára aldri á næstu fimm árum. Aðgengi að tveimur tegundum barnalyfja verður aukið til að ráðast gegn nýbura- og ungbarnadauða. Sérfræðiþekking beggja aðila á mismunandi sviðum verður grunnurinn að verkefninu sem hófst formlega 10. maí, fyrst í Kongó og Kenýu. Reynslan þar verður nýtt til að setja af stað sambærileg verkefni í fleiri löndum í suðurhluta Afríku, Asíu og Suður-Ameríku.

Hér á landi leggur starfsfólk GSK Barnaheillum lið í formi sjálfbóðaliðastarfs eða með annars konar stuðningi, t.d. með því að hlaupa til styrktar Barnaheillum í Reykjavíkumaraþoni.

### Evrópusamstarf

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eiga aðild að Evrópuhópi Save the Children. Evrópuhópurinn vinnur að almennri réttindabaráttu fyrir börn, vernd barna gegn ofbeldi, málefnum vegalausra barna, hælisleitenda, barna sem eru fórnarlömb mansals og gegn fátækt barna í Evrópu. Samtökin beita sér fyrir því, m.a. í gegnum lagaumsagnir, að réttur barna og sérstaða sé tryggð í samningum Evrópusambandsins og á EES-svæðinu.

Á árinu 2013 var sérstök áhersla á mál-efni fátækra barna í Evrópu og unnið að útkomu skýrslu til útgáfu í apríl 2014.

### FRÆÐSLUEFNI



Einn liður í fræðslustarfi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er gerð fræðsluefnis um réttindi barna, um vernd barna gegn ofbeldi og um öryggi barna.

Fræðsluvefurinn, [www.verndumborn.is](http://www.verndumborn.is), hefur að geyma upplýsingar um vernd barna gegn ofbeldi. Á vefnum er að finna upplýsingar um einkenni og afleiðingar líkamlegs, andlegs og kynferðislegs ofbeldis gegn börnum, eineltis, vanrækslu og þess að búa við heimilisofbeldi. Einnig eru upplýsingar um það hvert hægt er að leita ef grunur vaknar um ofbeldi gegn börnum.

*Petta er líkaminn minn* er bók um vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi.

Bókin er skrifuð til að aðstoða fullorðna og börn á leikskólaaldri við að ræða saman opið og óþvingað. Samtökin eru í samstarfi við heilsugæslustöðvar um dreifingu á bókinni. Jafnframt hafa margir leikskólar nýtt sér hana. Á árinu 2013 fóru meira en 2900 bækur til barna víða um land. Það er 400 bókum meira en árið 2012 og um 1400 bókum meira en árið 2011. Það er því stöðug aukning á dreifingu og notkun bókarinnar. Þróunarstofa heilsugæslunnar hefur fengið leyfi samtakanna til að nota efni bókaninnar í forvarnastarf heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu um vernd barna gegn kynferðisofbeldi. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra var jafnframt í samstarfi við Barnaheill um að gera bókina aðgengilega fyrir heyrnarlaus börn, foreldra þeirra og aðra sem annast þau. Til þess þarf að flytja efni hennar á íslensku táknmáli. Mikilvægt er að þeir sem dreifa bókinni ræði efni hennar við þá sem við henni taka áður en bókin er afhent.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi gefa út veggspjald þar sem vakin er athygli á slyshættum í umhverfi barna. Heilsugæslustöðvar sjá um dreifingu á veggspjaldinu og á árinu 2013 voru send rúmlega 300 veggspjöld til barna um allt land.

Í samvinnu við umboðsmann barna, UNICEF á Íslandi og Námsgagnastofnun, halda samtökin úti námsvef og gefa út veggspjöld og bæklinga um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og mannréttindi barna. Námsvefurinn [barnasattmali.is](http://barnasattmali.is), er aðallega ætlaður til notkunar í grunnskólum landsins og hentar nemendum frá 5 ára til 14 ára, en hentar einnig börnum og fullorðnum til almennrar notkunar.

### FJÁRÖFLUNARVERKEFNI

#### Áheitasöfnun í hjólreiðakeppninni WOW Cyclothon

Alþjóðlega hjólreiðakeppnin WOW Cyclothon fór fram dagana 19. júní -22. júní, þar sem fjögur tíu manna lið kepptust um að komast fyrst í mark eftir að hafa hjólað 1.332 kílómetra, hringinn í kringum landið. Allt áheitaefni sem safnaðist rann til verkefna Barnaheilla um hreyfingu og heilbrigði barna.





# Erlent starf

Helstu áherslur Barnaheilla – Save the Children á Íslandi í erlendum verkefnum eru á grunnmenntun barna, vernd barna gegn ofbeldi, heilbrigði og neyðaraðstoð. Samkvæmt 28. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga öll börn rétt á endurgjaldslausri grunnmenntun, í 19. grein er kveðið á um rétt barna á vernd gegn líkamlegu, kynferðislegu og andlegu ofbeldi sem og gegn vanrækslu og samkvæmt 24. grein Barnasáttmálans eiga öll börn rétt á heilsugæslu.

## Neyðaraðstoð

Neyðaraðstoð er ein af meginstoðum alþjóðasamtaka Save the Children. Samtökin eru með áratuga reynslu í hjálparstarfi á hamfarasvæðum. Þar sem samtökin vinna að verkefnum í um 120 löndum, eru þau oftast en ekki með starfsemi í nálægð við staði þar sem náttúruhamfarir eða hörmungar af einhverju tagi verða og geta því brugðist fljótt við neyð. Í hjálparstarfinu gæta Save the Children sérstaklega að velferð barna en þau þurfa sérstaka vernd á tímum hamfara. Samtökin leggja áherslu á að grunnmenntun barna sé hluti af neyðaraðstoð, ekki síst á átakasvæðum þar sem neyðarástand getur ríkt í langan tíma.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi studdu hjálparstarf alþjóðasamtakanna í Sýrlandi og á Filippseyjum.

## Sýrland

Undir lok árs 2013 voru tæplega þrjú ár frá upptökum átakanna í Sýrlandi. Meira en 10 þúsund börn hafa týnt lífi og rúmlega milljón börn hafa neyðst til að flýja heimaland sitt. Fyrir þau börn og fjölskyldur sem eftir sitja hefur eyðilegging á innviðum samfélagsins gífurleg áhrif á daglegt líf. Ofan á hörmungar fólksins vegna átakanna bætist hungur. Uppsæra hefur brostið, ræktarlönd og akrar hafa verið eyðilagðir og stríðsátök hamla dreifingu matvæla. Barnaheill – Save the Children gáfu út skýrsluna *Hungur í stríðshrjáðu landi*, eða *Hunger in a War Zone – The Growing Crisis Behind the Syria Conflict*. Í henni gefa börn og foreldrar þeirra sem hafa flúið land, vitnisburð um að skortur á lífsnauðsynjum á borð



Í febrúar var efnt til kertaflýtingar við Reykjavíkurtjörn þegar tvö ár voru liðin frá upphafi átakanna í Sýrlandi. Fórnarlamba stríðsins var minnst og þjóðarleiðtogar um allan heim hvattir til að beita sér fyrir því að stöðva stríðsreksturinn og hlúa að sýrlenskum börnum.

við mat, vatn og heilbrigðisþjónustu í Sýrlandi valdi því að fólk flýji land. Börnin innan landamæra Sýrlands eiga daglega á hættu að fá sjúkdóma, verða fyrir árásum, slasast eða láta lífið. Þörf fyrir mannúðarstarf er gífurleg og þrátt fyrir hættulegar aðstæður hefur Save the Children tekist að hjálpa 230 þúsund börnum og fjölskyldum þeirra innan landamæra Sýrlands og 700 þúsund utan landamæra, í Jórdaníu, Líbanon, Írak og Egyptalandi, þar af tæplega 400 þúsund börnum.

## Filippseyjar

Þann 8. nóvember skall fellibylurinn Haiyan á Filippseyjum af miklum krafti. Hann kostaði rúmlega 6.200 mannlíf og raskaði lífi 14 milljóna manna. Þessi sterkasti fellibylur sem gengið hafði á land olli gífurlegri eyðileggingu. Meira en 500 þúsund heimili skuluðust í burtu ásamt skólum, heilsugæslustöðvum og vegum. Erfitt var að koma matvælum til fólks þar til hægt var að opna flugvöllinn í Tacloban aftur. Starfsfólk Save the Children líkti ástandinu við afleiðingar jarðskjálftans og flóðbylgjunnar í Indónesíu árið 2004. Enn er mikil þörf á mannúðaraðstoð á svæðinu og Barnaheill – Save the Children útvega lífsnauðsynleg gögn til þeirra sem lentu í fellibylnum og sinna sérstaklega börnum með sálrænum stuðningi og veita fræðslu og aðbúnað til að hjálpa þeim að komast yfir áfallið. Í lok árs voru verkefni í gangi á svæðinu fyrir 800 þúsund börn sem þurfa á langtímaaðstoð að halda.

## Norður-Úganda

Frá árinu 2007 hafa Barnaheill - Save the Children á Íslandi, með stuðningi

Utánríkisráðuneytisins, staðið fyrir uppbyggingar- og menntunarverkefnum í Pader og Agago héruðum í Norður-Úganda.

Verkefnunum lauk formlega í ágúst 2013 en í mótun er svokölluð útgönguáætlun sem ráðgert er að hefjist árið 2014. Helstu markmið verkefnisins voru að byggja upp innviði samfélagsins, einkum og sér í lagi að bæta aðgengi og gæði kennslu skólabarna í Pader héraði og hins vegar að bæta heilsu og heilbrigði 30 þúsund barna í norðurhéruðum Úganda. Árið 2011 var hafist handa við að koma á fót skólamáltíðum í þeim fjórum skólum sem studdir voru frá árinu 2010. Sérstök áhersla hefur verið á heilbriggt, barnvænt og verndandi umhverfi auk fræðslu um réttindi barna. Mikil vitundarvakning hefur verið í þessum samfélögum gagnvart mikilvægi menntunar og bættrar næringar skólabarna.

Það er engum blöðum um það að fletta að verkefnið hefur haft gríðarleg áhrif á skólagöngu barna í héruðunum. Yfir 70% fjölgun varð á nemendafjölda skólanna fjögurra. Upp úr stendur aukin þátttaka unglingsstúlkna. Þeim árangri er fyrst og fremst þökkudætt hreinlætisaðstaða og þjálfun í gerð margnota dömubinda. Einn helsti áhrifavaldur á skólagöngu ungra stúlkna er sú staðreynd að þegar þær komast á kynþroskaaldur fara þær að missa mikið úr skóla. Með stuðningi samtakanna voru stúlnakennarar í skólunum þjálfaðir í að útbúa margnota bindi sem þeir hafa svo kennt stúlkunum að sauma. Notkun þessara margnota binda hefur gjörbreytt aðstöðu þessara ungu stúlkna þar sem þær geta nú stundað skólagöngu á meðan á blæðingum stendur. Það, ásamt uppbyggingu á hreinlætisaðstöðu fyrir stúlkurnar, hefur verið gríðarlega



mikilvægur þáttur í að brottfall stúlkna hefur minnkað til muna.

Ljóst er þó að ekki náðust öll markmið sem sett voru í upphafi. Þó skólamáltíðarverkefnið hafi haft jákvæð áhrif í öllum skólunum tókst það misvel til og margt ennþá ógert. Barnaheill - Save the Children á Íslandi hlutu styrk í lok árs 2013 frá Utanríkisráðuneytinu til að láta framkvæma óháða úttekt á verkefninu og í framhaldinu verður mótuð útgönguáætlun sem miðar að sjálfbærni og aukinni þátttöku foreldra við mótun skólustarfsins og uppbyggingu skólamáltíða fyrir nemendur skólanna fjögurra.

## EVERY ONE

Ekkert barn fæðist til að deyja. Og engin móðir ætti að láta lífið við barnsburð. Samt deyja milljónir af þessum sökum á ári hverju. Daglega deyja tæplega 19 þúsund börn undir fimm ára aldri af völdum hungurs eða sjúkdóma á borð við lungnabólgu eða niðurgang. Raunveruleikinn er því miður sá að börn hafa ekki jöfn tækifæri til lífs og þau sem búa í fátækustu og fjarlægustu löndum heims eru líklegust til að deyja.

EVERY ONE er alþjóðlegt átak Barnaheilla Save the Children til að sporna gegn því að börn undir fimm ára aldri láti lífið af viðráðanlegum orsökum - og að alþjóðasamfélagið sætti sig ekki við þessar háu tölur um barnadauða. Markmiðið er að ná fjórða þúsaldarmarkmiði Sameinuðu þjóðanna - að fækka tilfellum barnadauða um 2/3 fyrir árið 2015.

Markmiðið er að fyrir árið 2015 hafi tekist að hvetja stjórnvöld um allan heim að móta stefnu og verklag sem hafi áhrif á að hraða ferlinu að þessu takmarki. Þannig verði sem dæmi komið í veg fyrir að börn deyji vegna auðlæknalegra sjúkdóma.

Mikill árangur hefur náðst á alþjóðavísu í baráttunni gegn barnadauða frá árinu 1990. Fjöldi barna sem látast fyrir fimm ára aldur er kominn niður fyrir 7 milljónir á ári samanborið við 12 milljónir á árinu 1990 - næstum helmingur þeirra eru nýburar - sem látast vegna sjúkdóma sem auðveldlega er hægt að lækna eða koma í veg fyrir.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi stóðu fyrir maraþoninu *Kapphlaupið um lífið* í október í Egilshöll og Akraneshöll. Þar hlupu 250 íslensk börn til að vekja athygli á baráttunni gegn barnadauða og hvöttu stjórnvöld til að beita sér frekar. Alls hlupu 50 þúsund börn um allan heim í *Kapphlaupinu um lífið* þennan dag í 67 löndum.



Stúlkur við Lamiyo skólann í Agago héraði í Norður-Úganda.

## Samvinna við GSK

Barnaheill - Save the Children hafa ráðist í samstarf við lyfjafyrirtækið GlaxoSmithKline (GSK) með það að markmiði að koma í veg fyrir dauða milljón barna undir fimm ára aldri á næstu fimm árum. Aðgengi að tveimur tegundum barnalyfja verður aukið til að ráðast gegn nýbura- og ungbarnadauða. Sérfræðileg beggja aðila á mismunandi sviðum er grunnurinn að verkefninu sem hófst formlega 10. maí, fyrst í Kongó og Kenýu. Reynslan þar verður nýtt til að setja af stað sambærileg verkefni í fleiri löndum í suðurhluta Afríku, Asíu og Suður-Ameríku.

## Almenn réttindabarátta

Mikilvægur liður í starfi Barnaheilla í þágu barna er málsvarahlutverkið og þrýstingur á stjórnvöld. Mikil áhersla er lögð á að þau réttindi sem kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna séu virt. Samtökin senda reglulega ályktanir og/eða ábendingar til yfirvalda ef þau telja að verið sé að brjóta á réttindum barna, hér á landi sem erlendis.

## Erlent samstarf

Barnaheill - Save the Children á Íslandi vinna með alþjóðasamtökunum Save the Children International um mótun stefnu og starfshátta. Einnig sjá samtökin á Íslandi um að koma á framfæri fréttum af alþjóðlegri starfsemi samtakanna og taka þátt í hinum ýmsu verkefnum sem alþjóðasamtökin standa fyrir. Starfsmenn Barnaheilla eru í einnig miklum samskiptum við forsvarsmenn Save the Children International vegna verkefnisins í Norður-Úganda.

Árlega er haldinn fundur með forsvarsmönnum landsfélaganna 30 til að móta stefnu og samræma aðgerðir. Ársfundurinn 2013 var haldinn í Mexíkó. Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla sótti fundinn sem stóð frá 1.-3. júní. Þann 31. maí var fundargestum boðið að taka þátt í vettvangsferðum í Mexíkóborg. Erna heimsótti þrjá leikskóla sem njóta stuðnings Save the Children í Mexíkó en þeir eru allir staðsettir í fátækustu hverfum borgarinnar. Ljóst er að samtökin í landinu vinna gríðarlega mikilvægt starf í þágu barna sem búa við erfiðar aðstæður.


Á ársfundinum eru boðaðir formenn og framkvæmdastjórar allra landssamtaka Save the Children ásamt lykilstarfsmönnum alþjóðasamtakanna víða um heim. Yfirskrift fundarins 2013 var „Inspiring Breakthroughs“ og var hann tileinkaður þeim fjórum meginstöðum alþjóðastarfsins, heilsu og næringu, menntun, vernd gegn ofbeldi og mannréttindagæslu barna. Þátttaka í ársfundum er afar mikil væg, þar kemur ýmislegt lærdómsríkt og fræðandi fram auk þess sem þar skapast tækifæri til að mynda tengsl og hafa áhrif. Samkvæmt lögum alþjóðasamtakanna ber öllum landssamtökum að senda bæði formann og framkvæmdastjóra á fundinn.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi eru í samstarfshópi Evrópuhluta Save the Children sem er með aðsetur í Brussel. Aðild að þeim eiga systursamtökin í Danmörku, Finnlandi, Hollandi, Ítalíu, Litháen, Noregi, Rúmeníu, Spáni, Svíþjóð, Sviss og Þýskaland. Markmið samstarfsins er m.a. að hafa áhrif á löggjöf og stefnu Evrópusambandsins og Evrópuráðsins um málefni er varða réttindi og velferð barna.




# Tekjur og gjöld 2013

## SKIPTING TEKNA



## SKIPTING GJALDA



Tekjur Barnaheilla - Save the Children á Íslandi á árinu 2013 af reglulegri starfsemi voru samtals kr. 48,0 milljónir og heildar rekstrargjöld kr. 60,5 milljónir.

50% tekna samtakanna komu frá einstaklingum í formi framlaga og fjáröflunarvarnings (jólakorta o.fl.) 47% gjalda voru beinn kostnaður við innlend og erlend verkefni.

Á árinu 2013 lögðu samtökin fram hærra upphæð til starfseminnar en tókst að safna fyrir þannig að tap var af rekstrinum að upphæð 12,4 milljóna.

## Sérstakar þakkir

STJÓRN OG STARFSFÓLK BARNAHEILLA – SAVE THE CHILDREN Á ÍSLANDI VILJA ÞAKKA ÖLLUM ÞEIM SEM HAFA LAGT SAMTÖKUNUM LIÐ Á ÁRINU 2013. MEÐ STUÐNINGNUM ER SAMTÖKUNUM GERT KLEIFT AÐ VINNA MIKILVÆGT STARF Í ÞÁGU BARNA.

# Lögfesting Barnasáttmálans

Þann 20. febrúar 2013 samþykkti Alþingi Íslendinga að festa barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í lög. Lögfestingin er mikilsverð yfirlýsing af hálfu Alþingis um mikilvægi Barnasáttmálans og um að íslensk stjórnvöld vilji og ætli að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja öllum börnum á Íslandi þau réttindi sem kveðið er á um í samningnum. Ákvæði Barnasáttmálans gilda nú sem almenn lög og hægt er að byggja á þeim fyrir dómstólum á sama hátt og öðrum lögum.

Barnasáttmálinn hefur að geyma borgaraleg, stjórnmalaleg, efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi sem aðildarríki hans skulu virða og tryggja öllum börnum jafnt og án mismununar af nokkru tagi. Sem dæmi um mikilvæg mannréttindi sem vernduð eru af Barnasáttmálanum má nefna rétt barna til lífs, til verndar gegn ofbeldi, til þátttöku og að láta rödd sína heyrast, réttinn til menntunar og bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu og réttinn til að þekkja og njóta umönnunar foreldra sinna.

Saga Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er samofin tilurð og tilveru Barnasáttmálans. Samtökin hafa frá stofnun haft Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og hvatt stjórnvöld og landsmenn alla til að virða réttindi þau sem hann kveður á um, öllum börnum til handa. Stofnandi Save the Children, Eglantyne Jebb, samdi stefnuyfirlýsingu samtakanna árið 1923, sem varð fyrsta almenna yfirlýsingin um réttindi barna og grunnurinn að Barnasáttmálanum eins og við þekkjum hann í dag.

Barnaheill fagna lögfestingu Barnasáttmálans á Íslandi og hvetja íslensk stjórnvöld og alla Íslendinga til að haga öllum sínum ráðstöfunum gagnvart börnum í samræmi við hann.



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi